

STARFSLÝSING

Yfirmaður Íþrótt- og tómstundafulltrúi Fjarðabyggðar **Teymi** Starfsmenn
félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð

1. Meginviðfangsefni og ábyrgðarsvið

Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd félagsmiðstöðvarstarfs fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára. Markmið starfsins er að bjóða upp á heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi frítímastarfs eru höfð að leiðarljósi. Í því felst að skapa umhverfi og aðstæður í frístundastarfi þar sem hægt er að þjálfra lykilfærni hjá börnum og unglingum með áherslu á samskiptafærni, félagsfærni, virkni og þátttöku ásamt styrkingu sjálfsmyndar. Bjóða skal upp á fjölbreytt viðfangsefni sem höfði til barna og unglinga með mismunandi áhugasvið og tryggja þeim öruggar aðstæður þannig að þeim líði vel í félagsmiðstöðinni.

2. Helstu verkefni

- 2.1. Sinnir hefðbundnum opnunum félagsmiðstöðvar og verkefnum sem fylgja þeim s.s. undirbúningi og frágangi.
- 2.2. Þátttaka í skipulagningu og framkvæmd sameiginlegra viðburða s.s. Kuldabola, SamAust og ferðalögum á vegum félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð

3. Samskipti

Mikil og góð samskipti eru mikilvæg í starfi frístundaleiðbeinanda í félagsmiðstöð. Viðkomandi þarf að vera í góðu sambandi við yfirmenn hjá sveitarfélaginu, starfsmenn annarra félagsmiðstöðva á Austurlandi, samstarfsmenn hjá viðkomandi félagsmiðstöð, skjólstæðinga og foreldra þeirra.

- 3.1. Frumkvæði að samstarfi við samstarfsaðila.
- 3.2. Mætir á fundi með starfsmönnum viðkomandi félagsmiðstöðvar.

Teymisvinna

- 3.3. Þátttaka í ýmsum samstarfsverkefnum.
- 3.4. Þátttaka í starfsmannafundum.

Önnur verkefni

- 3.5. Sækir fræðslu á vegum fjölskyldusviðs, í samráði við yfirmann.
- 3.6. Tekur að sér önnur verkefni sem yfirmaður felur honum og lúta að eðli starfsins.

4. Hæfni- og samstarfsmarkmið

Menntun og reynsla

- 4.1. Æskilegt að frístundaleiðbeinandi hafi menntun sem nýtist í starfi. Til dæmis menntun tengda uppeldisfræðum eða fræðslu- og frístundum.
- 4.2. Reynsla af starfi með börnum og ungmennum er nauðsynleg og þekking á málaflokknum æskileg.

Fjarðabyggð - starfslýsing



Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð

FJARÐABYGGÐ

Hæfnisþættir

- 4.3. Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót, góð samstarfshæfni og geta til að miðla upplýsingum.
- 4.4. Heiðarleiki og stundvísi, auk þess sem starfsmaður þarf að vera laus við fordóma.
- 4.5. Fumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.
- 4.6. Hæfni til að bregðast við óvæntum aðstæðum og vilji til að taka þátt í breytingum.

Fjarðabyggð _____

Íþrótt- og tómstundafulltrúi

Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð

